

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkarkauptún, nr. 121 7. des. 1935.

1. gr.

32. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald 30 aurar hver 100 kg:
Kol, salt, sement.
2. flokkur. Gjald 45 aurar hver 100 kg:
Korn- og mjölvörur, garðávextir, sykur, kjöt, saltfiskur, ísaður fiskur, sild-armjöl, fiskimjöl, lýsi, freðsild, óunnið járn, eldavélar, bárujárn, saumur, timbur, sem reiknast eftir þyngd, legsteinar, eldfastir steinar og leir, gólf- og veggflísar, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hevvinnsluvélar, plógar, herfi, blý, vír, vírnet, akkeri, kalk, fræ, fóðurbætir, hey, tilbúinn áburður, saltaðar gærur og saltaðar húðir.
3. flokkur. Gjald 60 aurar hver 100 kg:
Oliur, benzín, feiti, smjörlíki, bifreiðar, strigapokar, hessían, tvistur, bindigarn, net, línur, önglar, olíufatnaður og útgerðarvörur ótalðar annars staðar, ull, hert skinn, hertur sundmagi, hraðfrystur fiskur.
4. flokkur. Gjald 15 aurar hver 10 kg:
Málningarvörur og efni til málninga, lakk, kitti, lím, gibbs, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, brennisteinn o. þ. h., kork, korkvörur, brauðvörur alls konar, gólfdukur, gúmmi, gúmmívörur, pappír, pappírsvörur, bækur, blek, baðlyf, ljósaefni, plötur, ávextir, niðursuðuvörur, blikkvörur, hljólhestar og varahlutir í þá, tin, zink, seglgarn, ger, gerefni, smíðatól, skóflur, hakar og þess háttar, vörur úr kopar, eir, messing, bronse, emailleðar vörur, glervörur, leirvörur, leðurvörur, smávélar alls konar, smáíðnaðarvélar, hreinlætisvörur, skó-, gólf- og húsgagnaáburður, gólfklútar, ölgerðarvörur og efni til ölgerðar, öl, gosdrykkir, ávaxtadrykkir, burstavörur, smájárnvörur, eldhúsáhöld, barnavagnar, bókunarvörur, kaffi, kaffibætir.
5. flokkur. Gjald 30 aurar hver 10 kg:
Rafmagnsvörur, kryddvörur, ljósmyndavörur, lyfjavörur, snyrtivörur, eldspýtur, viðtæki, smáhljóðfæri, hljómvélaplötur, skrifstofuáhöld, vefnaðarvörur, skófatnaður úr öðru en gúmmi, fatnaður alls konar, klukkur, mælar, símar, áttavitar, sportvörur, skot, skotfæri, sprengiefni, súkkulaði, sælgæti, kakaóduft, te, húsgögn, peningaskápar, jólatré, leikföng, sýnishorn og glysvarningur ótalinn annars staðar.
6. flokkur. Gjald 75 aurar fyrir hver 10 kg:
Tóbaksvörur, tóbak, vín og spíritus.
7. flokkur. Gjald 8 aurar stykkið:
Kindaskrokkar, tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
8. flokkur. Gjald 8 aurar hvert teningsfet:
Trjáviður.
9. flokkur. Gjald 15 aurar hvert teningsfet:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.
10. flokkur. Gjald 30 aurar hver tunna:
Saltsild.

11. flokkur. Gjald 75 aurar hvert:

Stórgripir, sauðkindur, geitur, loðdýr.

Þó skal lægsta gjald af aðfluttum og brottfluttum vörum aldrei vera minna en 30 aurar, en ekki skal taka tvisvar gjald af sömu vöru, enda sé þess getið á farmskrá, sé um vöru að ræða, sem vörugjald hefur áður verið tekið af.

73

12. maí

2. gr.

37. gr. orðist svo:

Vélbátar, minni en 12 smálestir brúttó, greiði í hafnar-, bryggju- og ljósgjald kr. 15.00 í hvert sinn, er þeir koma til hafnar.

Vélbátar með þilfari, sem heima eiga á staðnum, greiði frá kr. 95.00 til kr. 190.00 árlegt gjald. Opnir vélbátar kr. 65.00 til kr. 125.00. Róðrabátar kr. 12.00.

3. gr.

Öll önnur gjöld, en samkv. 32. og 37. gr., skulu innheimt með 100% álagi. Þó skulu strandferðaskip ríkisins og skip Eimskipafélags Íslands aðeins greiða 50% álag.

4. gr.

Auglýsing um breytingar á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurhöfn, nr. 220 8. des. 1943, er hér með úr gildi numin.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. maí 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Suðureyrarkauptún.

74

18. maí

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að utanverðu og vestan bein lína, sem hugsast dregin úr Brimnestá yfir Súgandafjörð í innri Skjólkleit á Galtarhlíð, en að innan og sunnan bein lína úr Stein á Steinsengi yfir fjörðinn í ytri Áreið milli Selárdals og Gilsbrekku.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Suðureyrarhrepps kjósa 3 menn í hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reiknings-